

Alþingi
Erindi nr. P 141/348
komudagur 5.11.2012

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5. nóvember 2012

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um legslímuflakk, 22. mál, 141. löggjafarþing

Líf styrktarfélag Kvennadeildar Landspítalans vill með þessu bréfi styðja þingsályktunartillögu um bættu þjónustu við konur með legslímuflakk. Kvenlækningadeild Landspítalans er eina sérhæfða deild sinnar tegundar hér á landi og er vel til þess fallin að bjóða upp á þessa þjónustu þar sem þar starfar meðal annars einn helsti sérfræðingur landsins í greiningu og meðferð legslímuflakks. Við deildina er starfrækt göngudeild með sérhæfðu starfsfólki á sviði kvensjúkdóma og þar hefur um langt skeið verið vilji til að setja á stofn göngudeild þar sem teymi lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og félagsráðgjafa kæmi að greiningu, meðferð og stuðningi við konur með legslímuflakk.

Verði þessi tillaga að veruleika þarf að aðlaga starfsemi deildarinnar þessu nýja hlutverki. Fyrst og fremst þyrfti að þjálfra starfsfólk til dæmis með því að gefa því tækifæri til að heimsækja göngudeildir í Svíþjóð eða Danmörku þar sem þessi þjónusta er veitt en einnig þyrfti að bæta tækjakostinn. Að lokum má benda á að þar sem sérþekking safnast saman gefast tækifæri til að vinna að fræðslufni hvort heldur sem er fyrir almenning eða heilbrigðisstarfsfólk.

Þingsályktunartillagan fellur vel að tilgangi Lífs sem hefur það að markmiði að styrkja Kvennadeild Landspítalans, bæta aðbúnað og þjónustu við konur og fjölskyldur þeirra á meðgöngu, í fæðingu og sængurlegu sem og kvenna sem þurfa umönnun vegna kvensjúkdóma.

Fyrir hönd Lífs styrktarfélags



Ingrid Kuhlman

Formaður Lífs

s. 892 2987

ingrid@thekkingarmidlun.is